
FUNDARGERÐ

Fundur: Raforkuhópur 1999-02

Fundartími: Þriðjudagur 2. mars 1999 kl. 13:30

Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

- 1. Notkunarflokkar raforku 1998**
- 2. Gögn um afl 1998.**
- 3. Fréttatilkynning um raforkunotkun 1998.**
- 4. Endurskoðun á söfnun gagna um afl.**
- 5. Önnur mál.**

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:

Guðmundur Guðmundsson

Ívar Þorsteinsson

Guðmundur Valsson

Ólafur Pálsson

Edvard G. Guðnason

Jón Vilhjálmsson

1. JV dreifði töflu yfir orkusölu rafveitna árið 1998 eftirnotkunarflokkum. Hann sagði að gögnin ættu að vera að mestu orðin endanleg en þó vantar hluta af eigin notkun Rarik. Hann sagðist þó hafa áætlað þann þátt og sett hann 3 GWh. Hann benti á að dreifitöpin hafa aukist nokkuð á milli ára og er líklegast skýringin á því að veruleg aukning var í notkun undir lok ársins sem þá er ekki komin fram í notkunartölunum þar sem einungis er lesið einu sinni á ári af mælum hjá smærri notendum. EGG sagði að byggingarafmagn við nýframkvæmdir hjá Landsvirkjun væri ekki mælt og lenti því með töpum. JV sagði að eigin notkun Landsvirkjunar hefði minnkað milli ára sem væri væntanlega vegna þess að mælingar væru ekki í nógu góðu horfi. GG sagði að Rafmagnsveitur ríkisins hefðu á undanförunum árum lagt áherslu á að mæla eigin notkun og farið væri að selja hana á milli deilda og stefnt væri að því að auka slíkt á næstu áru.

Þá dreifði JV töflum yfir þróun raforkunotkunar eftir meginflokkum notkunar og notkunarflokkum árin 1992-1998. Fyrsta tafla sýndi notkunina í heild, önnur ótryggða orku almennra notenda, þriðja stórnotkunina og sú fjórða almenna forgangsorkunotkun. Mest aukning er í þjónustugreinum en einstaka flokkar í öðrum hópum hafa einnig vaxið nokkuð hratt. Fiskfrysting hefur t.d. aukist að meðaltali um 2,6%/ári síðan 1992. framleiðsla véla og tækja hefur aukist um 8%/ári. Garðyrkja og ylraekt heldur áfram að vaxa og er komin í tæpar 22 GWh. Varðandi ótryggðu orkuna benti EGG á að einnig yrði skerðing á þessu ári en henni er hætt núna og líklegt er að hún komi að nýju upp næsta vetur.

Þá var dreift töflum 1-12 í endurreiknaðri raforkuspá þar sem bætt hefur verið inn orkutölum fyrir 1998. Almenn notkun forgangsorku er 20 GWh lægri en spáð var 1997, núverandi forgangsorkunotkun stóriðju 77 GWh lægri og flutningstöp voru 62 GWh hærrí þannig að í heild var þessi notkun 35 GWh lægri en spáð var. Þegar litið er á einstaka flokka er notkun í iðnaði 19 GWh lægri en spáð var og veitustarfsemi 17 GWh lægri, en það stafar að mestu af minni skráðri notkun Landsvirkjunar en áætlað var (telst því nú með flutningstöpum). Heimilisnotkun var eins og áætlað var, þjónusta 3 GWh meiri og landbúnaður 7 GWh meiri. Dreifitöp voru síðan 15 GWh meiri en ráð var fyrir gert en allar þessar tölur eiga við forgangsorku. Þegar litið er á einstaka landshluta er frávikid mest á Norðurlandi og Suðurlandi eða 16 GWh minni og 14 GWh minni notkun en

áætlað var.

2. JV sagðist vera búinn að fá aflgögn frá Landsvirkjun og Rafmagnsveitu Reykjavíkur. GG sagði að gögn Rafmagnsveitna ríkisins ættu að vera tilbúin.
3. JV dreifði fréttatilkynningu um raforkunotkun sem send var til fjölmiðla um miðjan febrúar eins og rætt var um á síðasta fundi. JV sagði að Ríkisútvarpið, Bylgjan og Morgunblaðið hefðu fjallað um hana. Því miður kom fram villa í Morgunblaðinu þar sem þeir fóru að bera notkun síðasta árs saman við spána frá 1997 og fóru þá í vitlausa töflu í raforkuspánni eða töflu um forgangsorku og báru hana saman við heildarorkuna á síðasta ári. EGG benti á að setja mætti inn áætlaða skerðingu á ótryggðri orku á mynd.
4. JV sagðist ekki vera farinn að vinna að endurskoðun söfnunar gagna um afl en gott væri að fá lista yfir allar mælingar sem væru nú í gangi og einnig yfir launaflsmælingar sem eru komnar og fyrirhugaðar.
5. JV sagðist vera búinn að ráða hagfræðing, Arnar Scheving Thorsteinsson, í hlutastarf og mun hann vinna að orkuspám og fleiru. Hann vann lokaverkefni sitt fyrir nefndina síðastliðið vor og vann að sömu verkefnum hjá AFLi síðastliðið sumar en nú stundar hann jafnframt nám í tölvunarfræði.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:10. Næsti fundur ákveðinn 6. apríl 1999.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

"Orkusala rafveitna árið 1998 eftir notkunarflokkum". (JV)

"Raforkunotkun á Íslandi 1992-98. Öll orka". (JV)

"Raforkunotkun á Íslandi 1992-98. Ótryggð orka". (JV)

"Raforkunotkun á Íslandi 1992-98.
Stórnotkun". (JV)

"Raforkunotkun á Íslandi 1992-98.
Forgangsorka til almennra nota". (JV)

Töflur 1 til 12 úr endurreiknaðri
raforkuspá þar sem rauntölur um
orkunotkun ársins 1998 hafa verið settar
inn (JV).

"Fréttatilkynning. Raforkunotkun ársins
1998". (JV)